



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. nóvember 2002

Efni: Tillaga til þingsályktunar um úttekt á framtíðarhlutverki Sementsverksmiðjunnar hf. við förgun spilliefna, 133. mál.

Sementsverksmiðjan hf. hefur mikilvægu hlutverki að gegna við endurnýtingu og förgun úrgangs. Það hlutverk verður æ mikilvægara eftir því sem gerðar eru ríkari kröfur til umhverfismála og meðferðar úrgangs, þar á meðal spilliefna.

Meginhlutverk Sementsverksmiðjunnar er og verður auðvitað að framleiða sement fyrir íslenskan markað. Síðustu misseri hafa verið blikur á lofti í rekstrinum sem stafa fyrst og fremst af því að Aalborg Portland hefur byrjað að selja sement á Íslandi og hefur kosið að fara þá leið að bjóða verð sem er undir söluverði í Danmörku og í Færeyjum. Þau mál eru til meðferðar hjá íslenskum samkeppnisyfirdómum og Eftirlitsstofnun EFTA og vekur ugg hversu langan tíma þessi yfirdóm gefa sér til skoðunar á málinu.

Á sama tíma og Sementsverksmiðjan hefur mátt takast á við þessa óeðlilegu samkeppni hefur orðið mikill samdráttur á sölu á sementi og hefur þetta tvennt orðið til þess að tvísýnt fer að verða um að rekstri verksmiðjunnar verði haldið áfram mikið lengur.

Komi til þess að rekstur Sementverksmiðjunnar stöðvist tekur við einokun Aalborg Portland á íslenskum sementsmarkaði og þarf ekki að fjölyrða um það að þau kostakjör sem nú bjóðast hjá fyrirtækinu yrðu úr sögunni. Einokun Aalborg Portlands á íslenskum sementsmarkaði verður fráleitt betri en núverandi fyrirkomulag.

Samtímis hyrfti núverandi aðstaða til förgunar úrgangsolíu auk þess sem mjög er horft til Sementsverksmiðjunnar við endurnýtingu og förgun úrgangs á borð við hjólbarða, plasts og fleiri efna í tengslum við frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs sem liggur fyrir Alþingi. Hætti Sementsverksmiðjan þarf að leita annarra leiða og jafnvel að flytja efnin til útlanda til endurnýtingar og förgunar með ærinni fyrirhöfn og tilkostnaði.

Hvort tveggja er mjög slæmt að mati Samtaka iðnaðarins.

Samtök iðnaðarins styðja því eindregið að íslensk stjórnvöld láti kanna framtíðarhlutverk Sementsverksmiðjunnar við endurnýtingu og förgun úrgangs, ekki síst spilliefna, m.a til þess að styrkja rekstrargrundvöll hennar og leysa samtímis brýn úrlausnarefni á sviði umhverfismála með hagkvæmum hætti.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Jon Steindór Valdimarsson
aðstoðarframkvæmdastjóri